




FJÖLSKYLDUDEILD
AKUREYRARBÆJAR

Fjölskyldudeild Akureyrar



Mynd: Guðný Pálína Sæmundsdóttir

Ársskýrsla 2015

Efnisyfirlit

1	ALMENNT UM FJÖLSKYLDUDEILD	3
1.1	STARFSFÓLK	3
2	ÚTGJÖLD 2015 OG HELSTU LYKILTÖLUR	6
3	STARFSEMI FJÖLSKYLDUDEILDAR.....	7
3.1	ÞRÓUNARVERKEFNI OG ÞJÓNUSTA.	7
3.2	ASKJAN.....	7
3.3	MÁLAFLOKKUR FATLAÐRA	7
3.4	FRÆÐSLA	7
3.5	SAMVINNA VIÐ ÞROSKAHJÁLP	8
4	BARNAVERND.....	9
5	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA VIÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLA.....	14
6	FÉLAGSÞJÓNUSTA	22
6.1	ALMENN FÉLAGSÞJÓNUSTA.....	22
6.2	SÉRHÆFÐ FÉLAGSÞJÓNUSTA	32
7	SKÓGARLUNDUR	37
8	PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR.....	42

Nefndir og ráð


Barnaverndarnefnd

Baldur Dýrfjörð formaður
 Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
 Sigrún Sigurðardóttir
 Valur Freyr Halldórsson
 Elisabeth J. Zitterbart

Velferðarráð

Sigríður Huld Jónsdóttir formaður
 Róbert Freyr Jónsson frá 20. ágúst 2015
 Jóhann Gunnar Sigmarsson til 20. ágúst 2015
 Halldóra K. Hauksdóttir
 Oktavía Jóhannesdóttir til 7. apríl 2015
 Svava Þórhildur Hjaltalín frá 7. apríl 2015
 Valur Sæmundsson
 Guðrún K. Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Skipurit Fjölskyldudeildar



1 Almennt um Fjölskyldudeild

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar félagsþjónustu, sértækrar félagsþjónustu (málaflokkur fatlaðra) og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandahreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflokki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflokknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir fjölskyldudeild ráðgjafarþjónustu í barnavernd, almennri félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir deildina heyra tveir vinnustaðir í málaflokki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur.

Fjölskyldudeild leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Helstu þjónustubættir deildarinnar voru á árinu 2015

- Barnavernd
- Félagþjónusta, almenn og sértæk
- Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla
- Stöðþjónusta fyrir barnafjölskyldur
- Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Starfsfólk

Í árslok voru 28 starfsmenn á skrifstofu deildarinnar í 26.65 stöðugildum. Stöðugildum hafði þá fjölgað um 2.85 þar sem ein staða var ómönnuð í skólaþjónustunni árið áður, önnur staða skólasálfræðings var tímabundin viðbót, starfsmaður í afgreiðslu var í 75% í stað 50% áður og starfsmenn komu inn í heilar stöður í stað þeirra sem höfðu verið í hlutastörfum. Í Skógarlundi voru 18 starfsmenn í 16,3 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru 23 í 19 stöðugildum í árslok.

Tveir nýir yfirmenn komu til starfa á árinu. Ólöf Leifsdóttir forstöðumaður á PBI sagði starfi sínu lausu og Jakobína Elva Káradóttir félagsráðgjafi var ráðinn til áframhaldandi starfa sem forstöðumaður en hún hafði sinnt starfinu í eitt ár í forföllum Ólafar. Anna Marit Níelsdóttir félagsráðgjafi var ráðin í starf forstöðumanns í félagsþjónustu frá nóvember í kjölfar þess að verkefnastjórstöðu var breytt í forstöðumannsstarf. Aðrir sem komu til starfa á árinu voru sálfræðingarnir Ingibjörg Hjartardóttir og Fanný Rut Meldal sem báðar hófu störf í skólaþjónustunni og Árný Þóra Ármannsdóttir náms- og starfsráðgjafi sem kom í afleysingu í barnavernd frá september.

Aðrar breytingar voru þær að Ingveldur Sigurðardóttir sálfræðingur fór úr barnavernd í skólaþjónustuna frá 1. september til áramóta og Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi fór í fæðingarorlof í maí en Hafdís Erla Jóhannsdóttir félagsráðgjafi réðst til þess að leysa hana af en áður hafði hún verið í afleysingarstöðu í barnavernd. Á árinu hættu annars vegar Ester Lára Magnúsdóttir félagsráðgjafi sem gegndi stöðu verkefnisstjóra í félagsþjónustunni og hins vegar Sólveig Rósa Davíðsdóttir sálfræðingur sem starfaði sem skólasálfræðingur.

Nýtt fólk er boðið velkomið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2015 voru stöðugildi á fjölskyldudeild eftirfarandi:

Barnavernd	Stöðugildi 31.12.2014	Stöðugildi 31.12.2015
Árný Þóra Armannsdóttir ráðgjafi		1,0
Áskell Örn Kárason sálfræðingur, forstöðumaður barnaverndar	1,0	1,0
Hafdís Erla Jóhannsdóttir Rist félagsráðgjafi	1,0	1,0
Harpa Ágústsdóttir uppeldisráðgjafi	1,0	1,0
Ingveldur Sigurðardóttir sálfræðingur	í barnsb.l	í sérfr.þj leik og grunnsk
Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi	0,6	í barnsb.l
Ottó Karl Tulíníus félagsráðgjafi	1,0	1,0
Þorleifur Kristinn Níelsson félagsráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 5,6	Samtals 6,0
Félagsþjónusta		
Anna Marit Níelsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður í félagsþjónustu		1,0
Ester Lára Magnúsdóttir félagsráðgjafi, verkefnastj. félagsþjónustu	1,0	hætt
Fanney Jónsdóttir ráðgjafi í málefnum fatlaðra	1,0	1,0
Helga Alfreðsdóttir þroskaþjálfari, ráðgjafi í málefnum fatlaðra	0,8	0,8
Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi	0,9	0,9
Kristín Óladóttir starfsmaður í AMS	1,0	1,0
Selma Heimisdóttir félagsráðgjafi	0,8	0,8
Sigríður Jóhannesdóttir ráðgjafi í atvinnumálum	0,4	0,4
Sigrún Hulda Steingrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi í AMS	1,0	1,0
Snjólaug Jóhannesdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 7,9	Samtals 7,9
Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla		
Elva Haraldsdóttir sérkennsluráðgjafi í leikskólum	1,0	1,0
Elín Sigurbjörg Jónsdóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum	1,0	1,0
Fanný Rut Meldal sálfræðingur		1,0
Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur	1,0	1,0
Helga Vilhjálmsdóttir sálfræðingur, forstöðumaður sérfræðiþjónustu	1,0	1,0
Ingibjörg S. Hjartardóttir sálfræðingur		1,0
Ingveldur Sigurðardóttir sálfræðingur		1,0
Líney Helgadóttir sérkennsluráðgjafi í grunnskólum,	1,0	1,0
Sólveig Rósa Davíðsdóttir sálfræðingur	0,8	hætt
	Samtals 5,8	Samtals 8,0
Stjórnun og stoðþjónusta		
Anna Bryndís Sigurðardóttir sérfræðingur á skrifstofu	1,0	1,0
Bryndís Dagbjartsdóttir skrifstofustjóri	1,0	1,0
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir framkvæmdastjóri	1,0	1,0
Jón Stefán Jónsson deildarfulltrúi	0,5	hættur
Karólína Gunnarsdóttir þjónustustjóri	1,0	1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir deildarfulltrúi		0,75
	Samtals 4,5	Samtals 4,75
	Samtals stöðugildi 23,8	Samtals stöðugildi 26,65



Mynd 1: Starfsfólk fjölskyldudeildar 2015 – höf: Ragnar Hólm Ragnarsson

Aftasta röð frá vinstri: Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Guðný Dóra Einarsdóttir, Anna Bryndís Sigurðardóttir, Elva Haraldsdóttir, Selma Heimisdóttir, Ingveldur Sigurðardóttir, Fanný Rut Meldal, Áskell Örn Kárason, Helga Alfreðsdóttir, Steinunn Benna Hreiðarsdóttir, Þorleifur Kr. Níelsson, Líney Helgadóttir, Ottó Karl Tulinius, Guðrún Sigurðardóttir, Harpa Ágústsdóttir
Miðröð: Helga Vilhjálmsdóttir, Elinborg Sigríður Freysdóttir, Fanney Jónsdóttir, Karólína Gunnarsdóttir, Snjólaug Jóhannesdóttir, Katrín Árnadóttir, Hafdís Erla Jóhannesdóttir
Fremsta röð: Jóhanna Hjartardóttir, Bryndís Dagbjartsdóttir, Anna Marit Níelsdóttir, Ingibjörg S. Hjartardóttir

Á myndina vantar: Árný Þóru Ármannsdóttur, Kristínu Óladóttur, Sigríði Jóhannesdóttur og Sigrúnu Huldu Steingrímsdóttur

2 Útgjöld 2015 og helstu lykiltölur

Skipting fjármagns			
Samanburður á útgjaldaliðum frá 2013 - 2015 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2013	2014	2015
Skrifstofa fjölskyldudeildar	183.482	201.832	227.096
Fjárhagsaðstoð	141.929	151.870	144.824
Tilsjónarmenn	7.514	12.294	7.460
Vistun á stofn. og heimilum	39.022	40.157	42.717
Meðferð unglinga utan stofnana PMT-O	8.370	5.344	1.837
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.474	1.631	1.667
Plastiðjan Bjarg - lðjulundur	94.237	107.936	98.733
Skógarlundur	113.382	122.525	125.186

Tafla 1

Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldudeildar			
	2013	2014	2015
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	399	368	450
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	326	315	321
Fjöldi barna sem fá stuðningsúrræði í barnavernd	48	51	49
Sérfræðiþjónusta, heildarfjöldi mála í grunnskólum	559	590	655
Sérfræðiþjónusta, heildarfjöldi mála í leikskólum	149	174	187
Heildarfjöldi námslegra og sálfræðilegra greininga			339
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	419	425	363
Fjöldi fatlaðra barna	145	157	168
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	31	31	36
Fjöldi þjónustutíma í Skógarlundi	52.358	53.067	48.880
Fjöldi þjónustutíma í verndaðri vinnu á PBI	18.962	17.035	12.406
Fjöldi þjónustutíma í starfsþjálfun á PBI	17.235	15.794	18.588

Tafla 2

3 Starfsemi fjölskyldudeildar

3.1 Þróunarverkefni og þjónusta.

Í barnavernd hófst innleiðing á matskerfinu „Ester“ á vegum Barnaverndarstofu og tóku barnaverndarstarfsmenn frá fjölskyldudeild þátt í því. Ester-matinu er beitt til að fara kerfisbundið yfir styrkleika og veikleika barns og fjölskyldu í einstöku barnaverndarmáli. Þá eru skoðaðir þættir sem rannsóknir hafa sýnt að hafa áhættu í för með sér, svo og þættir sem meta má til styrkleika og auka líkur á árangri. Til undirbúnings hafa starfsmennirnir sótt námskeið hjá höfundum þessa matskerfis. Stefnt er að því að innleiðingu þessa verklags ljúki snemma árs 2017.

Á árinu hófst þjónusta frá Barnaverndarstofu í úrræðinu MST í umdæmi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar sbr. umfjöllun í 4. kafla.

Þann 1. mars hófst átak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við Lögreglustjórnann á Norðurlandi eystra en félagsmálaráð og bæjarstjórn Akureyrar höfðu samþykkt að bærinn beitti sér fyrir slíku átaki. Um eins árs verkefni er að ræða og árangur skal metinn að því loknu.

3.2 Askjan

Árið 2015 var fyrsta heila starfsár Öskjunnar en þjónustan hófst í október 2014. Í upphafi voru tveir starfsmenn ráðnir að verkefninu í 50% stöðuhlutfall hvor. Annar starfsmaðurinn hætti um áramót og ekki hefur enn verið ráðið í það starf en starfshlutfall hins starfsmannsins var aukið í 75% frá mars/apríl. Ráðgjafi í málaflokki fatlaðra hefur haft umsjón með úrræðinu frá upphafi. Sérstakur vinnuhópur var starfandi á árinu þvert á málaflokka og er hlutverk hans að halda utan um úrræðið og þróun þess. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði.

Á árinu fengu 40 fjölskyldur þjónustu og í árslok hafði þjónusta verið lokið við 19 fjölskyldur. Fimm fjölskyldur voru á biðlista um áramót.

3.3 Málaflokkur fatlaðra

Endurmati á yfirfærslunni á málaflokki fatlaðra 2011 lauk með nákvæmri skýrslu og samkomulagi um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar að auki var gert sérstakt samkomulag um atvinnumál fatlaðra sem var ákveðin málamiðlun og fól í sér að sveitarfélögin héldu áfram að reka sína vinnustaði og þar með að sjá um hæfingu, virkni, starfsþjálfun og ótímabundna vinnu (verndaða vinnu) en að verkefnið Atvinna með stuðningi flyttist til ríkisins eða Vinnumálastofnunar.

Áfram var haldið á þeirri braut að þróa SIS matstækið og á árinu fóru fyrstu börnin í SIS mat. Áfram var haldið með NPA þjónustu sem er tilraunaverkefni á landsvísu og unnið í góðu samstarfi á milli deilda bæjarins sem eru auk fjölskyldudeildar, búsetudeild og fjárreiðudeild.

3.4 Fræðsla

Mikil sérþekking hefur orðið til hjá starfsfólki deildarinnar varðandi einhverfu og hafa viðkomandi aðilar staðið fyrir námskeiðum til þess að miðla þekkingu og aðferðum varðandi þjónustu við einhverf börn. Á árinu var einnig farið með fræðslu til stofnana sem hafa einhverfa fullorðna notendur. Námskeiðin hafa verið haldin á Akureyri og víðar á þjónustusvæðinu. PMTO verkefnið var í fullum gangi með þátttöku fjölskyldudeildar sem á fulltrúa í stýrihópi. Tveir starfsmenn eru fullmenntaðir meðferðaraðilar og einn í meðferðarnámi. Þessir aðilar sinna PMTO verkefnum, bæði meðferðarvinnu og námskeiðahaldi.

3.5 Samvinna við Þroskahjálpar

Reglulegir fundir eru haldnir með fulltrúum Þroskahjálpar. Fulltrúar Akureyrarbæjar koma frá fjölskyldudeild og búsetudeild og hefur þetta samráð verið virkt frá 1999. Í lok árs var undirbúningur hafinn að stofnun notendaráðs með aðkomu fleiri hagsmunasamtaka og því ljóst að samráð í þessari mynd yrði ekki áfram. Samvinna er við fræðslunefnd Þroskahjálpar og á árinu hófst undirbúningur fræðslu til foreldra og aðstandenda fatlaðs ungs fólks um það að flytja að heiman.




4 Barnavernd

Barnaverndarteymi skipa sex starfsmenn fjölskyldudeildar og sinna þeir störfum í umboði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Þrír starfsmenn hafa menntun sem félagsráðgjafar, tveir sem sálfræðingar og einn sem uppeldisráðgjafi.

Helstu verkefni barnaverndar eru að taka á móti tilkynningum um bresti í aðbúnaði og aðstæðum barna á starfssvæði nefndarinnar, kanna þær og beita viðeigandi stuðningi þar sem hans er þörf. Hefðbundin stuðningsúræði skv. barnaverndarlögum eru uppeldisráðgjöf til foreldra, tilsjón á heimili og útvegum stuðningsfjölskyldu eða persónulegs ráðgjafa fyrir barn. Einnig er foreldrum liðsinnt vegna eigin vanda og börnum vísað í greiningu og meðferð. Þá ráðstafar barnaverndin börnum í fóstur þegar það er nauðsynlegt.

Auk þess hefur barnaverndarnefnd það hlutverk að gefa öðrum stjórnvöldum umsagnir vegna umsókna um leyfi til ættleiðingar og til þess að taka börn í fóstur. Nefndin veitir leyfi til stuðningsfjölskyldna og þeirra sem taka börn í sumardvöl.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar og mála sem barnavernd ákveður að kanna að eigin frumkvæði eru nokkuð mismargar milli ára. Þeim hefur þó heldur farið fjölgandi hin síðari ár og hafa aldrei verið fleiri en í ár, eða 471, þar af var 21 mál opnað að frumkvæði nefndarinnar sjálfrar. Hér er því um nærri 25% fjölgun að ræða. Hinsvegar fjölgaði þeim börnum óverulega sem höfð voru afskipti af og gefur það vísbendingar um að oft hafi verið tilkynnt vegna sömu barna.




Mynd 2

Á árinu voru mál 221 fjölskyldu til meðferðar sem er svipuð tala og árið 2014.


Aldur og kyn barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árin 2013-2015						
	2013		2014		2015	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 5 ára	72	49	63	44	82	51
6 - 10 ára	42	44	45	47	46	42
11 - 14 ára	38	37	33	41	29	41
15 - 18 ára	13	23	17	16	12	12
18 - 20 ára	3	1	4	1	3	1
Samtals	168	154	162	149	172	147

Tafla 3

Undanfarin ár hefur meðalaldur barna sem komið hafa við sögu í barnavernd farið lækkandi, sjá töflu 3 og myndir 3 og 4. Frá árinu 2012 hefur meira en eitt af hverjum þremur börnum verið undir grunnskólaaldri og á þessu ári fer hlutfallið í fyrsta sinn yfir 40%. Meðalaldur allra þeirra barna sem nefndin hefur afskipti af er nú nálægt átta árum og hefur lækkað um u.þ.b. tvö ár frá því árinu 2009. Drengir eru að jafnaði aðeins fleiri en stúlkur og eru þeir nú 54% hópsins.



Mynd 3



Mynd 4


Ástæður barnaverndartilkynninga 2013-2015			
	2013	2014	2015
Vanræksla	186	184	167
Ofbeldi	99	96	116
Áhættu hegðun barns	111	83	166
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	3	5	1
Samtals	399	368	450

Tafla 4

Meginflokkar barnaverndartilkynninga eru þrír; vanræksla barns (af hálfu forsjáraðila), að barn sé beitt ofbeldi og áhættu hegðun barns, þ.e. að barnið sjálft stefni sér í voða til dæmis með vímuefnaneyslu, afbrotum eða sjálfskaðandi hegðun. Síðasti flokkurinn varðar nær eingöngu börn frá 12 ára aldri, sjá töflu 4 og mynd 5.

Um árabil hefur tilkynningum um vanrækslu farið fjölgandi en tilkynningum um áhættu hegðun fækkað að sama skapi. Á þessu varð gagnger breyting á árinu þar sem tilkynningar um áhættu hegðun voru tvöfalt fleiri en árið áður. Að einhverju leyti byggist þetta á því að ákveðinn hópur unglinga í tveimur efstu bekkjum grunnskólans hefur skorið sig úr hvað varðar fikt við fíkniefnaneyslu, slaka skólasókn og smáafbrot. Þótt þetta sé ekki fjölmennur hópur hefur hann verið áberandi í skýrslum lögreglu og tilkynningum til barnaverndar.

Vanrækslutilkynningum hefur ekki fjölgað og þeim tilvikum þar sem tilkynnt var um áfengis- og vímuefnanotkun foreldra hefur fækkað frá fyrra ári, eftir umtalsverða fjölgun síðustu ár. Alls bárust 64 tilkynningar um slíkt á árinu.




Mynd 5

Hver tilkynnir?			
	2013	2014	2015
Barnið sjálft	4	2	0
Ættingjar barns	34	25	24
Nágrannar	37	38	16
Önnur barnaverndarnefnd	8	6	8
Félagsþjónusta	1	1	1
Lögregla	129	79	202
Skóli, sérfræðipj. skóla	63	45	58
Leikskóli/gæsluforeldri	5	12	10
Læknir/heilsug./sjúkrahús	52	55	68
Foreldri með forsjá barns	16	22	32
Foreldri án forsjár	3	10	4
Aðrir	47	73	27
Samtals	399	368	450

Tafla 5

Tilkynningar til barnaverndar berast úr ýmsum áttum, frá opinberum aðilum og almenningi, sjá töflu 5 og mynd 6. Að jafnaði berast flestar tilkynningar frá lögreglu en undanfarin ár hefur þeim farið fækkandi. Nú hefur þeim fjölgað mikið aftur og er a.m.k. hluta skýringarinnar að finna í mörgum tilkynningum vegna þess hóps unglinga sem minnst er á hér að framan. Að öðru leyti eru sveiflur í fjölda tilkynninga frá einstökum aðilum innan skekkjumarka.



Mynd 6

Stuðningsúrræði

Að lokinni könnun í barnaverndarmáli er tekin ákvörðun um það hvort stuðnings sé þörf í málinu. Úrræðum til stuðnings skv. barnaverndarlögum má skipta í þrjá flokka: a) úrræði inni á heimili, b) úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns og c) þvingunarúrræði. Árið 2015 var eftirfarandi stuðningsúrræðum beitt inni á heimili barns, sjá töflu 6.

Stuðningsúrræði inni á heimili			
	2013	2014	2015
Foreldrum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað	78	78	64
Stuðlað að úrræðum skv. öðrum leiðum	10	12	33
Barni útvegaður stuðningur/meðferð	49	48	47
Barni eða fjölskyldu útveguð tilsjón, persónul. ráðgjöf eða stuðningsfj	48	51	49
Foreldri aðstoðað við að leita sér meðferðar	27	19	21
Þunguð kona aðstoðuð við að leita sér meðferðar		1	3
Annað	17	26	35
Samtals	229	235	252

Tafla 6

Fóstur og aðrar vistanir

Undanfarin ár hefur skemmri vistonum barna utan heimilis farið fækkandi. Munar þar mest um að vistanir unglinga á meðferðarheimilum á vegum ríkisins eru fátíðari en áður. Árið 2015 voru unglíngamál þó meira áberandi en áður og voru þrír unglíngar vistaðir á Stuðlum (til greiningar og

meðferðar) og tveir unglingar á meðferðarheimili. Í báðum tilvikum fjölgar þeim sem fengu þessa þjónustu um einn frá fyrra ári. Þá var unglingur fimm sinnum vistaður á neyðarvistun Stuðla á árinu.

Á árinu 2015 voru alls 25 börn í fóstri eða vistun á einkaheimili á vegum barnaverndarnefndar, einu færri en árið á undan. Í árslok voru 13 börn í varanlegu fóstri á vegum barnaverndarnefndar (fóstri ætlað að standa til 18 ára aldurs) og fimm í tímabundnu fóstri – sem að jafnaði stendur í ár eða skemur. Þá voru tvö börn í annarskonar vistun á einkaheimili sem stundum er bráðavistun til skamms tíma eða sem undanfari fósturs og eitt barn á vistheimili á vegum sveitarfélagsins.

Skemmri vistanir og tímabundin fóstur eiga sér yfirleitt stað í samkomulagi barnaverndar og foreldra þegar aðstæður foreldra krefjast þess t.d. vegna meðferðar og endurhæfingar. Á árinu var þó í tveimur tilvikum úrskurðað um vistun utan heimilis til tveggja mánaða gegn vilja foreldris.

Meðferðarúrræði á vegum ríkisins

Barnavernd sveitarfélags sækir ýmsa þjónustu til Barnaverndarstofu sem m.a. hefur það lögbundna hlutverk að reka meðferðarheimili fyrir unglunga og er getið um nýtingu þeirrar þjónustu í kaflanum um vistanir.

Stofan hóf á árinu að bjóða svokallaða MST-meðferð („fjölkerfameðferð“) á svæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Með því var verið að bregðast við ákalli um úrræði er kæmi í staðinn fyrir PMTO-meðferð fyrir unglunga með hegðunarerfiðleika og fjölskyldur þeirra en Barnaverndarstofa og Akureyrarbær hafa haft samstarf um þá þjónustu um árabil. MST-meðferð hefur verið í boði frá febrúarbyrjun og hafa þegar fimm fjölskyldur fengið aðstoð af þessu tagi. Vonir eru bundnar við að þessi þjónusta haldi áfram en æskilegt verður að teljast að henni megi sinna, a.m.k. að hluta til, af meðferðaraðila með fast aðsetur á svæðinu.


Þá hefur barnaverndin um árabil haft samvinnu við Barnahús vegna könnunar á grun um kynferðisbrot, svo og um meðferð og ráðgjöf fyrir þolendur í slíkum málum og fjölskyldur þeirra. Um leið hefur verið samstarf við Barnaverndarstofu um þjónustu fyrir börn með óviðeigandi kynferðishegðun, bæði til greiningar og meðferðar, svo og til ráðgjafar fyrir fjölskyldur þeirra. Kemur þessi þjónusta í báðum tilvikum í afar góðar þarfir.

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 321 barni sem nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 304 frá Akureyri en 17 frá hinum sveitarfélögunum fjórum, eða 5,3%.



5 Sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla



Mynd 7

Sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla sinnir 14 grunnskólum og 17 leikskólum. Á Akureyri eru 13 leikskólar en fjórir á þjónustusvæði utan Akureyrar. 10 grunnskólar eru á Akureyri og fjórir utan bæjarins. Á síðasta skólaári voru alls 1245 nemendur í leikskólum á þjónustusvæðinu og 2900 nemendur í grunnskólum. Mikilvægt er að hafa í huga að allar tölur í kaflanum um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla miðast við skólaárið 2014-2015.

Starfsmenn sérfræðipjónustunnar þetta skólaárið voru fimm í fullu starfi og einn í 80% starfi. Þrjú sérkennsluráðgjafar voru í fullu starfi, tveir í grunnskólum og einn í leikskóla. Þá var einn sálfræðingur við leikskóla í fullu starfi. Einn sálfræðingur við grunnskóla var í 80% starfi. Sú nýbreytni var að forstöðumaður var ráðinn yfir sérfræðipjónustunni, sem jafnframt sinnti starfi sálfræðings við grunnskóla. Sérkennsluráðgjafar grunnskólanna skipta skólum á milli sín og sinna nær eingöngu málum nemenda í sínum skólum, ásamt því að sitja þar á nemendaverndarráðsfundum. Sálfræðingar eru tengiliðir við ákveðna grunnskóla, sitja þar á nemendaverndarráðsfundum en tilvísanir eru afgreiddar í tímaröð óháð skólum. Flestar tilvísanir til sérfræðipjónustunnar koma frá leik- og grunnskólum, en einnig frá heilsugæslu og Sjúkrahúsi Akureyrar, sem og frá ráðgjöfum félagsþjónustu eða barnaverndar á fjölskyldudeild. Þar að auki geta foreldrar leitað beint eftir þjónustu fyrir börn sín.

Mynd 7 og tafla 7 sýna fjölda nemenda í grunnskólum skólaárið 2014-2015 og fjölda tilvísana frá hverjum skóla. Þar er einnig sýndur fjöldi mála sem unnið var með og hlutfall tilvísana og mála frá hverjum skóla. Athuga þarf að í fámennum skólum vegur hver tilvísun hlutfallslega þyngra. (Tölur um fjölda nemenda í skólum eru frá Hagstofu Íslands).


Grunnskólar Skólaárið 2014-2015	Fjöldi nemenda	Fjöldi dreggja	Fjöldi stúlkna	Fjöldi nýrra tilvísana	Drengir	Stúlkur	Hlutfall nýrra tilvísana	Heildar fjöldi mála	Drengir	Stúlkur	Hlutfall mála miðað við fjölda nemenda
Brekkuskóli	482	243	239	60	32	28	12,4%	111	67	44	23,0%
Giljaskóli	386	197	189	26	15	11	6,7%	74	48	26	19,2%
Glerárskóli	309	151	158	15	9	6	4,9%	59	37	22	19,1%
Grímsseyjar-/Hríseyjarskóli	28	13	15	6	3	3	21,4%	11	6	5	39,3%
Hlíðarskóli	18	14	4	2	2	0	11,1%	12	10	2	66,7%
Lundarskóli	435	223	212	39	23	16	9,0%	88	55	33	20,2%
Naustaskóli	336	176	160	37	25	12	11,0%	69	48	21	20,5%
Oddeyrarskóli	179	91	88	17	6	11	9,5%	57	34	23	31,8%
Síðuskóli	394	209	185	53	29	24	13,5%	120	73	47	30,5%
Grenivíkurskóli	51	29	22	3	1	2	5,9%	11	4	7	21,6%
Hrafnagilsskóli	164	83	81	8	6	2	4,9%	23	14	9	14,0%
Valsárskóli	39	18	21	4	2	2	10,3%	10	6	4	25,6%
Þelamerkurskóli	79	35	44	2	2	0	2,5%	10	6	4	12,7%
Alls á Akureyri	2567	1317	1250	255	144	111	9,9%	601	378	223	23,4%
Alls utan Ak.	333	165	168	17	11	6	5,1%	54	30	24	16,2%
Samtals	2900	1482	1418	272	155	117	9,4%	655	408	247	22,6%

Tafla 7


Leikskólar skólaárið 2014-2015	Fjöldi nemenda	Drengir	Stúlkur	Fjöldi nýrra tilvísana	Drengir	Stúlkur	Hlutfall nýrra tilvísana	Heildar fjöldi mála	Drengir	Stúlkur	Hlutfall mála miðað við fjölda nemenda
Hlíðarból	48	17	31	4	1	3	8%	8	5	3	16,7%
Hólmasól	150	75	75	8	2	6	5%	20	11	9	13,3%
Grímsey/Hrísey leikskóli	13	8	5	0	0	0	0%	0	0	0	0,0%
Hulduheimar/kot og sel	101	46	55	4	2	2	4%	15	11	4	14,9%
Iðavöllur	88	50	38	11	10	1	13%	21	18	3	23,9%
Kiðagil	101	55	46	14	9	5	14%	19	13	6	18,8%
Krógaból	105	49	41	9	6	3	9%	20	15	5	19,0%
Lundarsel	90	49	41	7	4	3	8%	10	5	5	11,1%
Naustatjörn	138	68	70	12	6	6	9%	17	10	7	12,3%
Pálmholt	123	64	59	9	6	3	7%	18	13	5	14,6%
Sunnuból	55	31	24	8	6	2	15%	12	9	3	21,8%
Tröllaborgir	90	43	47	5	3	2	6%	12	8	4	13,3%
Álfaborg	25	11	14	1	1	0	4%	2	2	0	8,0%
Álfasteinn	29	17	12	3	2	1	10%	5	3	2	17,2%
Hrafnílssk. leiksk.d.	61	32	29	3	2	1	5%	6	3	3	9,8%
Krummafótur	28	18	10	0	0	0	0%	2	1	1	7,1%
								0			
Alls á Ak.	1102	555	532	91	55	36	8%	172	118	54	15,6%
Alls utan Ak.	143	78	65	7	5	2	5%	15	9	6	10,5%
Samtals	1245	633	597	98	60	38	8%	187	127	60	15,0%

Tafla 8


Mynd 8 og tafla 8 sýna fjölda nemenda í leikskólum skólaárið 2014-2015 og fjölda tilvísana frá hverjum skóla. Einnig er sýndur fjöldi mála sem unnið var með og hlutfall tilvísana og mála frá hverjum skóla. Athuga þarf að í fámennum skólum vegur hver tilvísun hlutfallslega þyngra.



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10


Á myndum 9 og 10 er sýnd kynjaskipting nýrra tilvísana, annars vegar í grunnskóla og hins vegar í leikskóla. Þar sést að drengjum er frekar vísað í þjónustu en stúlkum, bæði í leik- og grunnskóla. Þegar horft er til fyrri ára má þó sjá að kynjahlutfallið virðist vera að jafnast.

Nýjar tilvísanir bárust vegna 9,4% nemenda í grunnskólum, sem er aukning frá síðasta skólaári (8,6%). Unnið var í málum 22,6% nemenda í grunnskólum, sem er einnig aukning frá síðasta skólaári (19,9%). Nýjar tilvísanir bárust vegna 8% leikskólabarna, en þær voru 9% á síðasta skólaári. Unnið var í málum 15% nemenda í leikskólum, sem er sambærilegt því sem var á síðasta skólaári.


Tilvísanir til sérfræðiþjónustu skóla

Þegar óskað er eftir aðstoð frá sérfræðiþjónustu skóla er sérstakt tilvísunarblað fyllt út. Þar er merkt við hver ástæða tilvísunar sé og hvers konar þjónustu er óskað eftir, sjá nánar á myndum 11 og 12. Í flestum

tilfellum er fleiri en ein ástæða fyrir tilvísun og oft er óskað eftir þjónustu sem fleiri en einn sérfræðingur sinnir. Á skólaárinu var unnið í málum 842 barna, þ.e. 187 leikskólabarna og 655 grunnskólabarna. Á mynd 13 bls.19 má sjá fjölda þeirra námslegu og sálfræðilegu greininga sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.



Mynd 11




Mynd 12

Sálfræðileg ráðgjöf og greining

Sálfræðingar í sérfræðiþjónustu sinna fyrst og fremst greiningu og ráðgjöf í leik- og grunnskólum. Í grunnskólum sitja þeir reglulega nemendaverndarráðsfunði, á móti sérkennsluráðgjöfum sem og ráðgjöfum í barnavernd. Mjög mikil eftirspurn er eftir sálfræðiþjónustu og myndast því töluverðir biðlistar. Þá hafa beiðnir um sálfræðilega greiningu og þroskamát aukist töluvert á síðustu árum. Mismunandi ástæður liggja að baki beiðni um sálfræðilegrar greiningar. Það getur verið grunur um

röskun á einhverfurófi, truflun á athygli og virkni (ADHD) eða mikill hegðunarvandi verið til staðar. Þá getur einnig hafa vaknað grunur um tilfinningavanda, s.s kvíða og depurð. Við greiningar notast sálfræðingar við klínískt mat og ýmis matstæki s.s. hegðunarmatslista, mat á aðlögunar- og samskiptafærni ásamt ýmsum þroskaprófum. Þegar niðurstaða er fengin er tekin ákvörðun um framhald málsins, þ.e. íhlutun og/eða hvort og þá hvert barninu skal vísað áfram til frekari greiningar. Skilafundir eru haldnir með foreldrum og í skólum viðkomandi barns þar sem þeir sem að máli barnsins koma sitja fund með sálfræðingnum. Tillögur eru gerðar um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla og ráðgjöf veitt varðandi t.d. hegðun, líðan, nám, samskipti, félagsfærni o.fl. Þá sinna sálfræðingar einnig eftirfylgd og teymisvinnu þegar talin er þörf á því.

Sú nýbreytni var tekin upp á skólaárinu að taka upp skimun þegar óskað er eftir sálfræðilegri greiningu. Þá kallar sálfræðingur foreldra, kennara og deildarstjóra á skimunarfund þar sem farið er yfir niðurstöður matslista ásamt öðrum tilfallandi upplýsingum um barnið. Út frá þeim upplýsingum og því sem kemur fram á fundinum er tekin ákvörðun um næstu skref, t.d. hvort þurfi að fara af stað í nánara greiningarferli eða hvort nægjanlegar upplýsingar séu til staðar til að mæta þörfum barnsins. Hugmyndin með þessu ferli er að stytta biðtíma en einnig að draga úr frekari greiningum þegar þess er ekki þörf.



Mynd 13

Sérkennsluráðgjöf

Sérkennsluráðgjafar veita ráðgjöf til kennara og foreldra, sitja í nemendaverndarráðum og sinna námslegum greiningum. Þá sitja þeir í þjónustuteyimum í skólunum vegna fatlaðra barna sem og annarra barna þar sem talin er þörf á markvissri teymisvinnu.

Sérkennsluráðgjafi í leikskóla heldur utan um málefni fatlaðra barna, fundar reglulega með foreldrum á teymisfundum og er tengiliður fjölskyldu við aðra sérfræðinga. Þá sinnir hann í samstarfi við sálfræðing frumgreiningu 2-6 ára barna, gerir athuganir og skráningar, leggur fyrir PEP-R þroskamát og fyllir út Kuno Beller þroskalista með foreldrum til að staðsetja þroska barnsins. Hann sér einnig um að vísa börnum áfram í frekari greiningar, ásamt sálfræðingi. Þegar fötlun eða annars konar sérþarfir hafa verið staðfestar fer sérkennsluráðgjafi í reglulegar heimsóknir í leikskólana, veitir ráðgjöf og situr teymisfundi. Sérkennsluráðgjafi vinnur náið með sérkennslustjórum leikskólanna, veitir þeim ráðgjöf um einstaka börn og kennsluáðferðir. Sérkennslustjórar sjá um skimun og skráningar og vísa börnum í samvinnu við foreldra í sérfræðiþjónustu leikskóla. Sérkennslustjórnarnir hittast mánaðarlega undir handleiðslu sérkennsluráðgjafa. Þeir vinna lausnamiðað að hinum ýmsu málum og veita hver öðrum fræðslu og stuðning.

Sérkennsluráðgjafar í grunnskólum sinna námslegum greiningum en það eru aðallega lestrar- og stærðfræðigreiningar. Sérkennarar í skólunum leggja í flestum tilfellum fyrir skimanir og eru ákveðnar reglur um það í hverjum skóla í hvaða bekkjum er skimað. Einnig eru samræmd próf notuð sem viðmið

um getu og kunnáttu nemenda. Ef barn sýnir merki um erfiðleika í námi er því vísað til sérfræðipjónustu skóla, annað hvort af viðkomandi skóla eða foreldrum. Þegar grunur er um erfiðleika í stærðfræði er notast við Talnalykil til að kortleggja nánar stöðu í stærðfræði. Ýmis stöðluð greiningarpróf eru notuð í lestri en helst er notast við Logos sem er tölvukeyrt próf fyrir börn og fullorðna.

Sérkennsluráðgjafar sjá um að meta beiðnir um málþroskapróf og talkennslu en þeim er vísað til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga sem fjölskyldudeild kaupir þjónustu af. Auk greininga skoða sérkennsluráðgjafar námsumhverfi og meta kennsluaðferðir. Þeir halda skilafundi vegna greininga og veita ráðgjöf. Teymisvinna vegna fatlaðra barna og barna með frávik í hegðun og námi er mjög stór hluti af vinnu sérkennsluráðgjafa.

Undirbúningur að flutningi fatlaðra barna milli skólastiga

Sérkennsluráðgjafi leikskóla byrjar að undirbúa grunnskóla fyrir móttöku barns með sérþarfir 1 – 2 árum áður en skólaganga hefst. Svo langur fyrirvari getur verið nauðsynlegur ef gera þarf breytingar t.d. vegna húsnæðis. Einnig er boðað til funda með þeim sérfræðingum sem tengjast barninu. Sérkennsluráðgjafi og foreldrar fara í heimsóknir í þá skóla sem koma til greina á haustönn, ári áður en barnið hefur skólagöngu. Um vorið er skilafundur með sérkennsluráðgjafa leikskóla, foreldrum, fulltrúum leikskóla og tilvonandi grunnskóla, ásamt tengilið sérfræðipjónustunnar. Eftir að skólaganga í grunnskóla er hafin fylgir sérkennsluráðgjafi barninu eftir með reglulegum fundum svo lengi sem þörf er á. Í flestum tilfellum er það í höndum sérkennsluráðgjafa en í einstaka tilfellum sér sálfræðingur um teymisvinnuna.

Þegar nemandi með sérþarfir fer yfir í framhaldsskóla hefst undirbúningur ári áður en skólaganga hefst en þó fyrr ef um mikla fötlun er að ræða. Foreldrum nemenda í 10. bekk er boðið á kynningu á þeim námstilboðum sem standa nemendum til boða í framhaldsskólum Akureyrar. Ráðgjafar félagsþjónustu sem og fulltrúi Þroskahjálpar eru einnig boðaðir á kynningarfundinn. Námsráðgjafar eru til ráðgjafar um hvaða skólaúrræði hentar best.

Foreldrum gefst kostur á að heimsækja skólana til að auðvelda valið og nemendur fara í heimsóknir með foreldrum og/eða kennurum sínum. Mikilvægt er að nemandinn kynnist tilvonandi kennslustofum og sameiginlegu rými í framhaldsskólanum áður en skólaganga hefst.

Nemendaverndarráðsfundir

Í öllum grunnskólum þjónustusvæðisins eru starfandi nemendaverndarráð. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu. Stjórnendur skólanna ákveða fyrirkomulag fundanna og hversu oft þeir eru haldnir, en er það nokkuð misjafnt eftir stærð skólanna. Fundina sitja skólastjórar, deildarstjórar, ásamt námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi og fulltrúa frá sérfræðipjónustu skóla eða starfsmanni barnaverndar. Dagskrá fundar liggur fyrir áður en fundur hefst. Teknar eru ákvarðanir um áframhaldandi vinnu með nemendum sem sýna frávik í skólaumhverfinu. Þá er farið yfir nýjar tilvísanir, eða teknar ákvarðanir um hvort vísa eigi barni til sérfræðipjónustu eða ekki.

Mat á þörf fyrir sérkennslu og stuðning

Sérfræðipjónusta skóla kemur að mati á þörf fyrir sérkennslu. Metin er þörf út frá þeim greiningum sem liggja fyrir, en einnig er stuðst við umsögn eða mat sérkennsluráðgjafa eða sálfræðings um þörf á stuðningi. Tillaga um úthlutun sérkennslu er send til skóladeildar sem tekur endanlega ákvörðun um tímafjölda til hvers skóla. Skólarnir skipuleggja síðan sér úrræði fyrir einstaklinga eða litla hópa eftir því sem best hentar hverju sinni.

Teymisvinna vegna fatlaðra barna í leik- og grunnskóla

Sérfræðipjónusta leik- og grunnskóla hefur á síðustu árum þróað mjög gott utanumhald vegna fatlaðra barna og annarra barna með mikil frávik svo þjónusta og fjármunir nýtist sem best. Þjónustuteymi eru stofnuð en markmið með þeim er að stuðla að farsælli skólagöngu barnsins, félagslegri virkni og samfellu í þjónustunni. Haldnir eru teymisfundir reglulega með þeim aðilum sem koma að málefnum barnsins, s.s. foreldrum, kennurum, stuðningsaðilum, sérkennurum, skólastjórnendum, iðju-, sjúkra- eða talmeinafræðingum og einnig þeim sem koma að félagslegum stuðningi. Þessir fundir geta verið allt frá

einu sinni í mánuði til tvisvar sinnum á vetri eftir eðli málsins. Skólaárið 2014-2015 var markviss teymisvinna vegna mála 301 barna, þar af 57 í leikskóla og 244 í grunnskóla.

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla þjónustar einnig nágrannasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Unnið var í 69 málum frá sveitarfélögunum, sem er 8,2% af heildarmálfjölda þjónustunnar. Á skólaárinu bárust nýjar tilvísanir vegna 24 barna frá nágrannasveitarfélögunum, sem er 6,8% af heildarfjölda nýrra tilvísana.





6 Félagsþjónusta

Félagsþjónustan er fyrir íbúa Akureyrarbæjar og nærsveita, óháð aldri, fötlun eða hverju því sem mismunar fólki. Þjónustan er í formi almennrar eða sérhæfðrar ráðgjafar og félagslegra úrræða. Unnið er eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Ráðgjöfin sem stendur til boða er:

- Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengnismála.
- Ráðgjöf vegna fjármála og fjárhagsaðstoð.
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu.
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu.
- Sérhæfð ráðgjöf /þjónusta vegna fötlunar.

Úrræðin sem félagsþjónustan hefur upp á að bjóða eru: fjárhagsaðstoð, stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn, aðstoð við atvinnuleit fatlaðra og annarra, Stuðningurinn heim og Askjan fjölskyldustuðningur.

6.1 Almenn félagsþjónusta

Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar er til dæmis ráðgjöf vegna fjárhagsvanda, húsnæðisleysis, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða elli. Margt af því sem ofan er talið kallar einnig á stuðning og því er ráðgjöf og stuðningur oft samofið.

Til að stuðningurinn skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við aðrar deildir bæjarins og aðrar stofnanir. Má þar nefna samvinnu við skóladeild, búsetudeild, Heilsugæsluna, Sjúkrahúsið á Akureyri, VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er oft lykiltríði í því að ná samfelli og árangri í þjónustunni.

Ráðgjöf vegna barna og unglunga

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglunga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við önnur teymi deildarinnar, bæði skóla- og barnaverndarteymi.

Ráðgjöf vegna fjármála

Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjárhag og fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig hægt er að auka tekjur og/eða minnka útgjöld,

upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum aðilum svo sem sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neysluvenjur og leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda.

Vinumarkaðsúrræði

Mikil áhersla hefur verið lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð. Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og/eða þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að fá hjálp innan heilbrigðiskerfisins í viðeigandi úrræði. Í þeim tilvikum er mikið og náið samstarf við VIRK og Starfsendurhæfingu Norðurlands og Heilsugæsluna.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fá fjárhagsaðstoð frá fjölskyldudeild. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum deildum bæjarins. Á árinu var kr. 24.478.892 í þetta verkefni og 19 einstaklingar nýttu sér úrræðið.


Stígur er verkefni sem sett var á laggirnar árið 2013 sem samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í landinu. Verkefnið er ætlað þeim sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun, ýmist vegna þess að viðkomandi hefur fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta eða vegna þess að viðkomandi hefur ekki áunnið sér bótarétt yfir höfuð og fá framfærslu frá sveitarfélaginu. Þessi einstaklingar þ.e.a.s. þeir sem eru atvinnu- og bótaréttarlausir, fengu áður ekki aðstoð Vinnumálastofnunar við atvinnuleit eða úrræði. En með tilkomu þessa verkefnis gefst þeim kostur á aðstoð við atvinnuleit og aðgangur að úrræðum til að auka hæfni sína á vinnumarkaði.

Fjölsmiðjan á Akureyri er vinnusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára, sem ekki er í skóla og ekki hefur fundið sér vinnu á almennum markaði. Í Fjölsmiðjunni er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnumálastofnun, Mennta- og menningamálaráðuneyti, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína.

Virknisamningar eiga fyrirmynd í samskonar samningum sem gerðir hafa verið um árabíl við einstaklinga með örorkubætur. Samið er við fyrirtæki um að ráða til sín einstaklinga sem eru á framfærslu hjá Fjölskyldudeild. Fyrirtækið fær framfærslu einstaklingsins greidda upp í launakostnað en greiðir sjálf mismuninn á framfærslunni og samningsbundnum launum. Á árinu 2015 var einn styrkþegi á virknisamningi eingöngu og tveir sem voru hluta ársins á virknisamningi og hluta á framfærslu.

Fjárhagsaðstoð

Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru árið 2015 kr. 144.824.438 þegar tekið hafði verið tillit til endurgreiddra lána sem voru kr. 11.957.607. Í fyrsta skipti síðan 2009 lækkaði fjárhagsaðstoð milli ára, lækkunin nam -4,64% eða kr. 7.045.793 frá árinu 2014. Styrkþegum fjárhagsaðstoðar fækkaði um 62 milli ára þeir fóru úr 425 árið 2014 í 363 árið 2015 sem er -14,6% fækkun. Með þessari fækkun styrkþega lækkaði einnig hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftár á árinu 2015 það fór úr 2,34% í 1,98%, sjá mynd 14. Fjöldi barna á aldrinum 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2015 var 211 en voru 284 árið 2014 og 301 árið 2013.



Mynd 14

Framfærslugrunnur árið 2015 til einstaklinga var kr. 151.573 og til hjóna kr. 242.517, við mat á fjárhagsaðstoð er ekki horft til þess hvort barn eða börn búi á heimilinu og á móti eru tekjur vegna barna s.s eins og barnabætur ekki reiknaðar inní heildartekjur umsækjenda.


Hluti fjárhagsaðstoðar er greiddur til Fjölsmiðjunnar á Akureyri og fer í að greiða laun ungmenna (hér eftir kölluð nemar) sem þar starfa. Árið 2015 voru kr. 15.346.684 greiddar til Fjölsmiðju vegna 44 nema sem þar störfuðu þar af voru 15 sem einnig fengu framfærslu greidda úr fjárhagsaðstoð en 29 sem eingöngu fengu greitt í gegnum Fjölsmiðjuna. Í sumum tilfellum var greidd full framfærsla en í öðrum var greiddur hluti á móti greiðslum frá Vinnumálastofnun þ.e. vegna þeirra nema sem áttu atvinnuleysisbótarétt að hluta. Útgjöld til Fjölsmiðju námu 9,7% af heildarfjárhagsaðstoð á móti 10,5% árið 2014.

Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð


Fjölskyldugerð	2013	2014	2015
Einst. foreldrar	134	114	98
Einhleypir	243	257	233
Hjón með börn	31	48	24
Barnlaus hjón	11	6	8
Skjólstæðingar samtals	419	425	363

Tafla 9

Tafla 9 og myndir 15 og 16 sýna atvinnustöðu styrkþega í fjárhagsaðstoð á árunum 2013-2015. Eins og sjá má heldur hlutfall einhleypira áfram að aukast á meðan hjónum með börn fækkar og hlutfall einstæðra foreldra stendur í stað frá fyrra ári. Einhleypir karlar eru eins og undanfarin ár stærsti hópurinn og hefur fjöldi þeirra aukist hlutfallslega frá árunum 2013 og 2014 þegar þeir voru 38% í 43% árið 2015. Litlar breytingar eru á fjölda hjóna hvort heldur sem er með börn eða barnlausra.



Mynd 15



Mynd 16


Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða

Atvinnustaða	2013	2014	2015
Í fullu starfi	40	58	50
Í hlutastarfi	24	25	11
Atvinnulausir með bótarétt	67	71	39
Atvinnul. án bótarettar	83	80	77
Ellilífeyrisþegar	9	4	6
Sjúklingar	58	62	84
Heimavinnandi	4	1	1
Nemar	23	27	10
Öryrkjar	95	81	73
Annað t.d. fólk í fæðingarorlofi	16	16	12
Samtals	419	425	363


Tafla 10

Atvinnustöðu styrkþega fjárhagsaðstoðar á árunum 2013 – 2015 má sjá í töflu 10 og myndum 17 og 18, stærsta breytingin er að hlutfall sjúklinga hækkar mikið milli árunna 2014 og 2015 eða um 8%. Hópurinn fer úr 15% í 23% og hefur líklega aldrei verið stærra hlutfallslega. Þeir styrkþegar sem falla í hópinn „sjúklingar“ eru að langtærstum hluta einstaklingar sem eru á bið eftir endurhæfingar- eða örorkulífeyri.

Mun minni breytingar eru á öðrum hópum þó er lítils háttar fjölgun í hópi atvinnulausra án bótaréttar og fækkun hjá þeim sem eru í hlutastarfi. Þess ber að geta að nemarnir í Fjölsmiðjunni fá allir stöðuna „í fullu starfi“ og eru því stór hluti þess hóps.



Mynd 17




Mynd 18


Þróun fjárhagsaðstoðar

Fjöldi samþykktra umsókna í fjárhagsaðstoð var nánast sá sami árið 2015 og árið áður eða 1445, fækkunin er minni en fækkun styrkþega gefur tilefni til sem bendir til þess að meira sé um langtíma aðstoð þ.e. að hver og einn styrkþegi fái aðstoð oftari. Þróunina má sjá á mynd 19.


Afgreiddar umsóknir voru alls 1554 en þar af var 109 synjað. Flestar voru umsóknirnar í desember eða 151 en færstar í ágúst mánuði eða 108.



Mynd 19



Mynd 20




Mynd 21

Aldurskipting styrkþega


Fjárhagsaðstoð 2013 - 2015 skipting eftir aldri			
	2013	2014	2015
20 ára og yngri	44	47	39
21 - 25 ára	100	122	90
26 - 67 ára	266	251	226
68 ára og eldri	9	5	8
Alls	419	425	363

Tafla 11

Helstu breytingar á alderskiptingu styrkþega í fjárhagsaðstoð eru þær að hlutfallsleg fækkun er í aldurshópnum 21-25 ára og á móti fjölgar í hópnum 26-67 ára, hann er eftir sem áður fjölmennastur enda mesta aldersbreiddin þar. Hlutfall yngstu styrkþeganna er það sama og tvö undanfarin ár eða 11%, smávægileg fjölgun er í elsta aldurshópnum þ.e. 68 ára og eldri og er algengasta ástæða umsóknar þar beiðni um útfararstyrk.



Mynd 22




Mynd 23

Grunnframbærsla og aðstoð skv. heimildakafla

Fjárhagsaðstoð skiptist skv. reglum velferðarráðs Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð í tvo hluta, annars vegar í frambærslu sem einnig er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslur samkvæmt heimildakafla reglna ráðsins. Bein frambærsla var á árinu 2015 kr. 108.853.805 eða 69% af heildarfjárhagsaðstoð en greiðslur


skv. heimildakafla voru kr. 47.315.935 eða 30%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsum toga og má þar nefna; greiðslur til foreldra vegna barna á framfæri þeirra en þar er að stórum hluta um að ræða kostnað vegna daggæslu, tannlæknakostnað, greiðslur vegna lyfja- og lækniskostnaðar og endurhæfingarkostnað. Greiðslur til Fjölsmiðju falla einnig undir heimildakafla sem og námsstyrkir og sérstök aðstoð í desember (jólstyrkir), þess má geta að fimm framhaldsskólanemar voru á skólalstyrk fyrri hluta ársins 2015 en einn síðari hluta ársins.

Mynd 24 sýnir hvernig fjárhagsaðstoð skiptist milli framfærslu og heimildakafla árið 2015 borið saman við 2013-2014. Töluverð breyting er frá síðustu tveimur árum á þá leið að hlutfall framfærslu hefur aukist töluvert og greiðslur vegna heimildakafla hafa að sama skapi dregist saman. Viðbótarframfærsla er orðin hverfandi lítil hluti fjárhagsaðstoðar eða undir 0,5%.




Mynd 24

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma



Mynd 25

Töluvert margir styrkþegar í fjárhagsaðstoð þiggja aðstoð um lengri tíma, sumir í nokkra mánuði aðrir jafnvel árum saman. Árið 2015 voru styrkþegar í fjárhagsaðstoð 363 og af þeim höfðu 196 eða 54% einnig þegið aðstoð árið áður, þarna er um að ræða rúmlega 1% aukningu frá árinu áður og ríflega 4% aukningu sé horft tvö ár til baka, sjá myndir 25 og 26.




Mynd 26

Samfelld fjárhagsaðstoð í 3-6 mánuði og lengur.

Lengd aðstoðar og fjöldi heimila												
Fjöldi mánaða	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Fjöldi	119	62	39	22	28	12	14	14	9	12	14	18
Hlutfall %	32,8%	17,1%	10,7%	6,1%	7,7%	3,3%	3,9%	3,9%	2,5%	3,3%	3,9%	5,0%


Tafla 12

Eins og áður hefur komið fram eru töluvert margir sem þurfa fjárhagsaðstoð um lengri tíma, jafnvel svo árum skiptir. Árið 2015 voru langflestir sem fengu aðstoð um skamman tíma eða 1-3 mánuði á árinu líkt og sjá má á töflu 12. Þó voru alls 18 styrkþegar eða 5% sem fengu aðstoð einu sinni eða oftár í hverjum mánuði allt árið. Af þessum 18 voru þrír sem einnig fengu fjárhagsaðstoð allt árið 2014 þ.e. samtals í tvö ár og tveir sem hafa þegið fjárhagsaðstoð í hverjum mánuði í þrjú ár.




Mynd 28

Athuganir á hversu lengi samfelld fjárhagsaðstoð varir eru gerðar tvisvar á ári þ.e. um mitt ár og í árslok, þá er skoðað hversu margir þiggja aðstoð samfelld í 3-6 mánuði og svo alla 12 mánuðina. Árið 2015 voru 36 styrkþegar sem fengu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftár í hverjum mánuði frá janúar til júní á móti 30 á sama tímabili árið 2014, sjá mynd 28. Fjöldi barna í þessum fjölskyldum var 19.




Mynd 29

Þegar síðari helmingur ársins 2015 er borinn saman við sama tíma árin 2013 og 2014 er mesta aukningin á í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði samfelld en það eru 32 styrkþegar árið 2015 á móti 25 árið 2014 og 23 árið 2013, sjá mynd 29. Fjöldi barna í þessum fjölskyldum var 14. Þrátt fyrir að styrkþegum í fjárhagsaðstoð hafi fækkað milli áráanna 2014 og 2015 úr 425 í 363 eru samt fleiri sem fengu samfellda aðstoð í 12 mánuði eða alls 18 styrkþegar sem er 5% af heildarfjölda styrkþega. Þetta er töluverð hlutfallsleg aukning frá árinu 2014 en þá var hlutfallið 3,1%. Fjöldi barna í þessum fjölskyldum var 13.



Mynd 30

Þjónusta við nágrannasveitarfélög



Mynd 31

Samkvæmt þjónustusamningi við nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp sækja íbúar þeirra þjónustu til fjölskyldudeildar t.d. félagslega ráðgjöf og umsóknir um fjárhagsaðstoð. Sama þróun er í fjölda þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð meðal íbúa þessara sveitarfélaga og meðal íbúa Akureyrarbæjar þ.e. að þeim fækkar. Fjöldi þeirra sem sótti um fjárhagsaðstoð árið 2015 var 18 á móti 30 árið 2014. Umsóknum fækkaði úr 97 árið 2014 í 54 árið 2015.

Húsnæðismál

Á fjölskyldudeild eru veittar upplýsingar og aðstoð við að tryggja sér og fjölskyldu sinni húsnæði, meðal annars með því að veita upplýsingar og aðstoð við að sækja um húsnæði hjá Akureyrarbæ og Öryrkjabandalagi Íslands, húsaleigubætur, sérstakar húsaleigubætur og forgang í leigubúð hjá Akureyrarbæ. Úthlutun á almennu leiguhúsnæði og sérstöku húsnæði fyrir fatlaða svo og leiguíbúðum í eigu Brynju, hússjóðs ÖBÍ, er í höndum þriggja manna nefndar sem auk þess metur undanþágu- og forgangsbeiðnir. Nefndina skipa fulltrúar frá fjármálaþjónustunni (húsnæðisdeild), fjölskyldudeild og búsetudeild.

6.2 Sérhæfð félagsþjónusta

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum er sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við búsetudeild sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu. Um það bil 500 einstaklingar, bæði börn og fullorðnir, eru á skrá yfir þá sem hafa fengið einhverja þjónustu vegna fötlunar.

Samþætting þjónustu/teymisvinna

Í þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra skiptir samvinna fagaðila sem koma að þjónustunni miklu máli og er forsenda þess að þjónustan verði góð og starfsfólk fjölskyldudeildar vinnur að því að samþætta þessa þjónustu.

Fjölskyldur og þjónustukerfi sveitarfélaganna leggja á það áherslu að útbúa heppilega lausn í hverju máli fyrir sig. Teymisvinna í málum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra er veigamikill þáttur í starfi fjölskyldudeildar. Hún felur í sér að allir þjónustu- og meðferðaraðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað og fer fjöldi teymisfunda einkum eftir þörfum barnsins og fjölskyldu. Í þessari vinnu eru ráðgjafar fjölskyldudeildar í hlutverki tengliða sem hafa yfirumsjón með verkefninu

en þetta fyrirkomulag gefur öllum aðilum betri yfirsýn yfir þarfir barnsins og þá þjónustu sem barnið og fjölskylda þess þarfnast. Mikil samvinna er milli sérfræðinga í skólaþjónustu og ráðgjafa í málefnum fatlaðra og í einhverjum tilfellum heldur teymisvinnan áfram þegar ungmenni fara í framhaldsskóla. Teymisvinna í kring um fullorðið fatlað fólk sem þarfnast flókinnar þjónustu og mikillar samhæfingar milli kerfa hefur aukist töluvert á síðastliðnum árum.

Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks veita öðrum deildum og stofnunum bæjarins ráðgjöf varðandi þjónustu og aðstoð við fatlaða einstaklinga. Auk þess er mikil samvinna við aðrar stofnanir sem koma að málefnum sameiginlegra skjólstaðinga og þjónustu við þá, bæði á Akureyri og á landsvísu.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af Velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldudeildar og búsetudeildar. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2015 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna og þrjú börn.

NPA er tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en búið er að framlengja það um tvö ár eða til ársloka 2016.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að þróa frekar bestu lausnirnar varðandi það skilaform sem Akureyrarbær gerir kröfur um varðandi fjárhagsleg skil en er unnið í samvinnu við fjárreiðudeild bæjarins.

Börn og fjölskyldur þeirra

Starfsmenn fjölskyldudeildar bjóða upp á sérhæfða ráðgjöf til fjölskyldna fatlaðra barna sem á svæðinu búa. Ráðgjöfin snýr að því að upplýsa og leiðbeina foreldrum um þá þjónustu sem er í boði. Helstu verkefni eru auk snemmtækrar íhlutunar að útvega stuðningsfjölskyldur, meta umönnunarþörf og samþætting þjónustunnar.

Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er oft flókin og mikilvægt að verkaskipting milli aðila sé skýr. Horft er til þess að hafa sveigjanleika og að tekið sé mið af þörfum barnsins og fjölskyldu þess á hverjum tíma. Þjónustan getur af þessum sökum verið breytileg frá einum tíma til annars.



Snemmtæk íhlutun

Á fjölskyldudeild er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar en mikilvægt er að styðja fjölskyldur yngstu barnanna strax þegar fötlun uppgötvast. Fyrstu kynni foreldra af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta hennar. Þroska- og leikþjálfun er í boði, tekið er þroskamát á börnum þegar það á við og fræðsla um fatlanir, uppeldi og möguleika á þjónustu er veitt til foreldra. Leikfangasafn er starfrækt á deildinni en það er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Auk yngstu barnanna hafa öll börn með sérkennslu á leikskólum á svæðinu aðgang að safninu.


Sex börn nutu snemmtækrar íhlotunar í heimahúsi á árinu 2015 sem er óvenjulega mikill fjöldi miðað við árin á undan.

Til að ná sem best til allra barna og auka möguleika á að finna börn með sérþarfir og þjónusta þau eru reglulegir samráðsfundir við barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri og mikil samvinna er við Heilsugæslustöðina á Akureyri.

Umönnunarmat

Framfærundur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldudeildar er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar deildin einstaka foreldra barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2015 voru á skrá hjá fjölskyldudeild 168 fjölskyldur með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barna en þær voru 157 árið 2014 þannig að fjölgun var veruleg, sjá mynd 32. Flest börnin eða 155 búa á Akureyri en 13 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu. Alls voru 61 umsókn um umönnunargreiðslur afgreiddar á fjölskyldudeild á árinu.



Mynd 32

Fötluð börn raðast í þrjú umönnunarflokka fyrsta, annan og þriðja flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í 4. flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu 5 ára í skiptingu umönnunarflokka sést að heldur er að fækka í 2. flokki en fjölgunin er mest í 3. flokki og svo í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu 13. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísu þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar getur kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt til þjónustu og ekki er víst að það verði gert eins allstaðar á landinu.

Umönnunarbætur þróun 2011 - 2015					
flokkur/ár	2011	2012	2013	2014	2015
1	9	7	6	7	8
2	70	66	65	64	60
3	73	67	65	74	85
4	0	6	9	12	15
	152	146	145	157	168

Tafla 13

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur er þjónusta sem er í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Fötluð börn geta oft á tíðum síður en önnur börn nýtt sér almenn tilboð á sviði íþróttar og tómstunda. Með því að veita börnunum og fjölskyldum þeirra stuðningsfjölskyldu er reynt að rjúfa þá félagslegu einangrun sem fötlun barns í fjölskyldu getur haft í för með sér. Einnig gefur stuðningsfjölskylda börnunum tækifæri til að upplifa það að gista hjá vinum eins og börn almennt upplifa í nærumhverfi sínu.

Þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna. Við val á stuðningsfjölskyldu er tekið mið af þörfum fatlaða barnsins. Gerður er verktakasamningur við stuðningsfjölskyldur.

Á árinu 2015 voru 36 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði, sjá töflu 15. Alls voru veittir 992 sólarhringar í þessa þjónustu, sjá töflu 14. Miðað við árið á undan er um mikla fjölgun sólarhringa og barna að ræða. Eitt barn var á biðlista í lok árs 2015.

Stuðningsfjölskyldur - þjónustu sólarhringar			
	2013	2014	2015
Þjónustuflokkur I	433	420	416
Þjónustuflokkur II	320	352	464
Þjónustuflokkur III	55	80	112
Alls	808	852	992

Tafla 14

Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2013	2014	2015
Þjónustuflokkur I	12	9	10
Þjónustuflokkur II	16	19	21
Þjónustuflokkur III	3	3	5
Alls	31	31	36

Tafla 15

Fullorðnir og fjölskyldur þeirra


Fatlaðir einstaklingar sem búa hjá foreldrum eða í búsetu með þjónustu hafa aðgang að sérhæfðri ráðgjöf hjá félagsþjónustunni. Ráðgjöfin snýr að ýmsu því sem varðar búsetu, fjármál, atvinnumál og önnur persónuleg mál. Um það bil 100 einstaklingar og fjölskyldur þeirra voru í tengslum við ráðgjafa á árinu og fengu ráðgjöf.

Áhersla hefur verið lögð á að fatlað fólk sem fær þjónustu á heimili sínu eigi tengilið á fjölskyldudeild þar sem viðkomandi getur komið óskum sínum um aðstoð og annað í daglegu lífi á framfæri. Ráðgjafinn er í mikilli samvinnu við veitendur þjónustunnar á búsetudeild. Síðari ár hefur samvinna við réttindagæslumann fatlaðra aukist jafnt og þétt. Fulltrúar fjölskyldudeildar sitja í teyrum sem mynduð hafa verið um búsetu og ýmis önnur samstarfsverkefni.


Eins og áður hafa starfsmenn fjölskyldudeildar tekið þátt í verkefni á landsvísu sem snýr að samskiptum kynjanna. Unnið er út frá kennsluefninu „Verum örugg“ sem María Jónsdóttir, félagsráðgjafi gaf út og hefur gefist vel. Ungt fatlað fólk sem sækir ráðgjöf á fjölskyldudeild fær fræðslu út frá efninu þar sem mikil áhersla er lögð á kynheilbrigði og samskiptareglur. Að auki hafa sjö einstaklingar fengið víðtæka fræðslu og kennslu á sl. ári.

Atvinna með stuðningi

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér víðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningurinn felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd. Vinnusamningar öryrkja eru iðulega notaðir til að auðvelda aðkomu að vinnumarkaði. Á árinu 2015 bárust 42 umsóknir um atvinnu með stuðningi. Í vinnu á almennan vinnumarkað fóru 42, þar af skiptu 8 einstaklingar um starf á árinu. Af þessum 42 voru fjórir áður í starfsþjálfun á Plastiðjunni Bjarg-Iðjulundi.



Mynd 33



Mynd 34

Í lok árs voru 32 á biðlista eftir aðstoð AMS sem er örlítill fjölgun frá fyrra ári. Árið 2015 voru gerðir 46 nýir vinnusamningar öryrkja sem var mikil fjölgun frá fyrra ári. Í heildina voru 148 samningar í gildi á árinu, sjá mynd 33.

Á mynd 34 sést að á árinu 2015 voru 150 einstaklingur sem nutu aðstoðar AMS á vinnumarkaði vegna varanlegrar vinnu. Aðstoð vegna sumarvinnu fengu 49 einstaklingar á Akureyri 20 ára og eldri og auk þess þrír einstaklingar utan Akureyrar eða alls 52 sem er fækkun frá fyrra ári. Af þessum 52 hafa 17 einstaklingur fengið vinnu í kjölfar sumarvinnunnar.

Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Styrkir til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda voru látnir ganga fyrir styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 36 gildar umsóknir frá 36 einstaklingum á árinu.

Alls fengu 22 einstaklingar styrk vegna náms og einn vegna tækjakaupa og tveir fengu bæði styrk vegna náms og tækjakaupa, alls 25. Heildarupphæð sem sótt var um var kr. 5.365.340 en úthlutað var kr. 1.642.000.

7 Skógarlundur




Skógarlundur

Í Skógarlundu er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Þar segir „Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa sem og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, sem og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.“

Markhópur Skógarlundar er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vinnumarkaði og er á aldrinum 20 til 70 ára.

Markmið Skógarlundar eru m.a. eftirfarandi

- Einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- Efla frumkvæði einstaklings.
- Efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- Viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- Einstaklingur útskrifist í starfsþjálfun.



Mynd 35

Tölulegar staðreyndir um þjónustu fyrir árið 2015

Samtals fengu 49 einstaklingur þjónustu í Skógarlundi á árinu. Þjónustustundir voru 48.880 klukkustundir og fækkaði þeim frá árinu 2014, sjá mynd 35.

Flestir notendur voru í þjónustu hálfan daginn þ.e. fjórar klst. en fjórir einstaklingar fengu þjónustu umfram fjórar klst. á dag.

Einn einstaklingur sem er eldri en 70 ára fær þjónustu í Skógarlundi.

Þjónustunotendur

Þeir sem sækja þjónustu í Skógarlundinn er breiður hópur fólks með fjölbreytta þjónustupörf. Flestir þjónustunotendur eru með þroskaraskanir, en einnig eru í þjónustu fólk með seinni tíma heilaskaða, fólk með einhverfu og fólk með samþætta sjón og heyrnarskerðingu (daufblindu). Búsetuform notenda er mismunandi. Allflestir búa einir í íbúðum og fá þar þjónustu. Nokkrir deila húsnæði með öðrum fötluðum einstaklingum og nokkrir búa enn í foreldrahúsum.



Sögustund

Starfsmenn

Alls störfuðu 18 starfsmenn í Skógarlundi í 16,3 stöðugildum auk sumarstarfsmanna árið 2015. Á árinu 2015 störfuðu í Skógarlundi þroskaþjálfar þ.m.t. forstöðumaður. Þar störfuðu einnig myndlistakennari, iðjuþjálfar, félagsliðar, leikskólakennari og almennir starfsmenn. Á árinu var gerður samningur um ræstingar við fyrirtækið Hreint hf.

Einn starfsdagur var haldinn á árinu þar sem hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar var kynnt.

Nokkrir starfsmenn og forstöðumaður sóttu auk þess fræðslu sem boðið var uppá á árinu.

Innra starf

Starfsemin fer fram í vestur og suðurálmum Skógarlundar. Heimasvæði fólks er í annarri hvorri álmunni en fólk sækir tilboð í báðar álmur hússins og gefst það mjög vel.

Á árinu 2015 voru 25 einstaklingar í þjónustu í vesturálmum og 24 voru í þjónustu í suðurálmum.

Í *vesturálmunni* er fólk sem m.a. þarf mikla ummönnun. Þar byggir starfsemin á alhliða skynupplifun, líkamspjálfun, boðskiptum, félagsþæfni og tómstundum.

Starfsemin byggir einnig á léttum vinnuverkefnum, sköpun, félagsstarfi, umönnun og að njóta afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks.



Hjólað í garðinum



Á jólaballi

Í suðurálmuni er fólk sem er nokkuð virkt í starfi en þarf eftir sem áður aðstoð við ýmsar athafnir. Megináhersla þar er á skapandi starf.

Í suðurálmunni eru þrjú vinnusvæði sem hvert fyrir sig hafði ákveðna sérhæfingu. Þessi svæði eru: textílsvæði, svæði þar sem unnið er með leir og gler og svæði þar sem unnið er við kortagerð og myndmennt ýmiskonar. Í suðurálmunni eru framleiddir listmunir og nytjamunir sem notið hafa mikilla vinsælda. Framleiðslan á deildinni er í stöðugri og skemmtilegri þróun. Undanfarin ár hefur verið unnið við verkefni frá PBI en þeim hefur farið fækkandi.



Göngutúr í sumrinu sem aldrei kom

Markmið með skapandi starfi eru m.a.

- Gefa einstaklingum tækifæri til sköpunar
- Þjálfa fín og grófhreyfingar
- Efla fegurðarskyn og sköpunargleði
- Efla sjón og snertiskyn
- Læra að meðhöndla mismunandi efni s.s. liti, pappír, leir, gler og textíl efni
- Stefna að því að listrænn afkastur verði söluvara a.m.k. að hluta
- Læra að endurnýta efni
- Njóta afþreyingar

Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, sögustundir, Boccia og tónlist. Skynörvun fer fram í skynörvunarherberginu og hafa allir aðgang að því herbergi.

Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði **TEACCH** um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins.

Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlanir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúnar myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Verið er að tileinka sér hugmyndafræði **Þjónandi leiðsagnar** en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausu umhyggju í garð annarra.

Þungamiðja þjónandi leiðsagnar

„Þátttaka okkar í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.“

Allir einstaklingar eiga sína sögu, minningar, styrkleika og veikleika sem hefur áhrif á samskipti. Þjónandi leiðsögn leggur áherslu á að horfa til styrkleika manneskjunnar og mæta henni með skilyrðislausri virðingu og umhyggju í öllum aðstæðum.



Svona getur þetta verið í Skógarlundinum

Félagsstarf

Í Skógarlundi hefur frá upphafi verið lögð áhersla á lifandi félagsstarf í innra starfi. Árið 2015 var ekki ár breytinga í þeim efnum. Fimmtudaginn 3. desember var hin árlega jólagleði haldin þar sem fram voru bornar veitingar að hætti Skógarlunda og slegið upp balli. Hljómsveit Rögggu og Snorra sáu um að halda uppi fjörinu. Síðustu ár hafa gestir á jólagleði þurft að borga fyrir veitingarnar. Böllum og kaffihúsastemmingu hefur verið slegið upp og margt annað til gamans gert.

Markaður og opið hús

Aðventu- og jólamarkaður Skógarlunda var haldinn í nóvember og gekk hann býsna vel. Ekki var haldinn vormarkaður.

Notendur tóku þátt í sýningum á vegum Listar án landamæra. Sýning á verkum þeirra var haldin í gluggum og vegg í Eymundsson. Sýningin vakti verðskuldaða athygli gesti og gangandi og var hún uppi fram á haustið. Opín hús voru haldin í maí í tengslum við List án landamæra og Dag góðra verka. Nokkrir litu við og fengu kynningu um starfsemi Skógarlundar.



Jóla­kaffihús



Heimsókn í Lystigarðinn

Samstarf

Skógarlundur er í samstarfi við Plastiðjuna Bjarg-Iðjulund með verkefni og þjónustu við notendur. Auk þess er samstarf við heimili þjónustunotenda og við Bjarg sjúkraþjálfun.

Staðan í lok árs

Þegar árið er skoðað í heild sinni, þá er þetta ár, ár mikilla mannbreytinga. Starfsfólk hætti vegna aldurs, vegna búferlaflutninga eða þá það vildi skipta um vettvang. Slíkar breytingar geta verið erfiðar. Eitt af því mikilvægasta í starfi með fötluðu fólki er öryggi og traust. Það er ekki sjálfgefið að traust myndist á milli notenda og starfsmanna, því getur verið erfitt að missa gott fólk og vanda þarf til vals á nýju.

Horft til nánustu framtíðar

Þegar horft er til framtíðar almennt eru ekki fyrirsjáanlegar miklar breytingar á starfsseminni frá því sem verið hefur. Rétt er þó að taka það fram að starf með fötluðu fólki er starf sem aldrei verður kyrrstaða í. Starfið í Skógarlundi er og verður í stöðugri þróun. Þróunin tekur mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna. Eins tekur þróunin alltaf mið af hugmyndum í fötlunarfræðum og fylgst er með þróun og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk.



8 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur



Mynd : Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Meginuppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleiðsluvörur eru m.a. raflagnaefni, mjólkursíur, kerti, búfjármerki, rúmfatnaður, skilti og vettlingar. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf og tekið er á móti skilaskyldum drykkjarvöruumbúðum fyrir norður- og austurland og frá Ísafirði.

PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl: 8-16 virka daga.

Hlutverk

PBI starfar skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Í 9. grein kemur fram að starfrækja skuli verndaða vinnustaði og önnur ákvæði laganna kveða á um að fólk með fötlun skuli njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Í lögnum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp sem sækir um á hverjum tíma og eiga rétt skv. lögum.

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Á árinu 2015 voru 41 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun, í stað 37 árið áður, 27 karlar og 14 konur. Af þeim fengu þrír starf á vegum Atvinnu með stuðningi, einn fór í ótímabundna ráðningu, einn fór í nám, einn hætti vegna flutninga frá Akureyri og fimm hættu og er staða þeirra óþekkt.

Laun eru greidd skv. starfsmati Hlutverks - samtaka um vinnu og verkþjálfun, en matið er ætlað til að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun eru félagsmenn í Einingu Iðju. Alls fóru 5 manns úr starfsendurhæfingunni í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar sumarið 2015 í fimm vikur. Sumarvinnan hefur oft verið mikilvægt skref í átt að þátttöku á almennum vinnumarkaði. Eins og áður sagði hættu 5 manns án þess að fá aðra úrlausn í atvinnumálum. Þar er um að ræða fólk með ýmis vandamál, s.s. geðsjúkdóma, áfengisvanda og önnur vandamál. Fólki sem kemur á PBI er vísað í starfsþjálfun frá ýmsum stöðum, s.s. geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri (SAK), endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, búsetudeild, fjölskyldudeild, VMA, Vinnumálastofnun, Starfsendurhæfingu Norðurlands og VIRK.

Frá Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri komu 2 nemar í starfsþjálfun, 1 á vorönn og 1 á haustönn. Þeir fá ekki laun á starfsþjálfunartímanum.



Pökkun á raflagnaefni

Ljósmyndari: Jón Óskar Ísleifsson

Ótímabundin ráðning

Í ótímabundinni ráðningu (áður kölluð vernduð vinna) voru alls 24 einstaklingar árið 2015, 12 karlar og 12 konur. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%. Einn starfsmaður lét af störfum á árinu vegna aldurs og einn fór í vinnu á vegum Atvinnu með stuðningi.

Í ótímabundinni ráðningu fá starfsmenn laun skv. starfsmati og eru félagsmenn í Einingu Iðju. Með 30% laun voru 7 manns, 9 voru með 50% laun, 7 voru með 70% og 2 með 90% laun.



Starfsfólk PBI

Fast starfsfólk

Verkstjórar og yfirmenn voru níu á árinu Af þeim voru fimm í 100% stöðu, einn var í 80% stöðu og einn í 50% stöðu. Þar að auki er matráður í 66,5% stöðu og starfsmaður í afgreiðslu í 93% stöðu.

Þetta eru: Forstöðukona, rekstrarstjóri, iðjuþjálfari sem er deildarstjóri í starfsþjálfun, starfsráðgjafi/verkstjóri í sal, verkstjóri í saumum og sal, verkstjóri í búfjármerkjum, verkstjóri í kertagerð, vélagæslumaður og verkstjóri í Endurvinnslu.

Auk ofangreindra þá starfa í Endurvinnslunni 5 verkamenn í 100% stöðu auk verkstjóra. Af þeim er einn á örorkuvinnusamningi og tveir í sérstöku átaki á vegum Akureyrarbæjar. Í lok ársins eru átta manns í verkamannastöðum á PBI, þar af þrír í 100% stöðu, einn í 70% stöðu, einn í 50% stöðu, einn í 40%, einn í 37% og einn í 30%. Af þessum átta verkamönnum eru fjórir á örorkuvinnusamningum.

Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna. M.a. fóru verkstjórar og yfirmenn á námskeið hjá Profectus um NBI hugsniðsgreiningu. Nokkrir starfsmenn kynntu sér hugræna atferlismeðferð sem nýtist eflaust vel í starfi og haldið var námskeið um einhverfu fyrir yfirmenn og verkstjóra sem var afar lærdómsríkt. Í maí var opið hús og komu margir gestir til að kynna sér starfsemi PBI. Forstöðukona, rekstrarstjóri og verkstjóri í búfjármerkjum fóru í skoðunarferð til OS í Noregi en OS er framleiðsluaðili þeirra búfjármerkja sem PBI selur. Endurnýjaður var samningur á milli OS og PBI og framleiðsla og starfsemi OS var kynnt. Á haustdögum fóru allir starfsmenn PBI í fræðslu/skoðunarferð til Dalvíkur og nágrennis. Sú ferð endaði í Tjarnarkirkju í Svarfaðardal á tónleikum hjá Kristjönu Arngrímsdóttur söngkonu. Starfsmenn voru sammála um að ferðir sem þessar hefðu mikið félagslegt gildi og ýttu undir góðan starfsanda. Á haustdögum 2014 var sú nýlunda tekin upp að bjóða uppá tíu mínútna leikfimi fyrir starfsmenn PBI tvisvar í viku, fyrir og eftir hádegi. Þessi tilbreyting hefur mælst vel fyrir og starfsmenn taka virkan þátt í leikfiminni.

Jólahlaðborð var haldið í lok nóvember við góðan róm starfsmanna.

Verkefni

Verkefnastaða árið 2015 var ágæt. Sala á raflagnaefni jókst á milli ára og aukning var í sölu dýfðra kerta. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber. Kostir þessa samstarfs er að sala á kertum hefur aukist og flutningskostnaður helst í lágmarki.

Aukning er í söfnun á kertastubbum og öðru vaxi til útikertagerðar. Söfnunin er grundvöllur þess að viðhalda stöðugri framleiðslu og sölu á útikertunum.

Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið vel. Aukning er á sölu búfjármerkja sem prentuð eru hjá PBI. Árið 2015 var markaðshlutdeildin í lambamerkjum um 65% en nánast 100% í öðrum merkjum. Merkjaprentunin eykur á fjölbreytni í vinnuverkefnum fyrir aðila sem hafa góða vinnugetu en þurfa starfsþjálfun.

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða krossinum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.



Kerti framleidd á PBI

Ljósmyndari: Jón Óskar Ísleifsson

Afkoma

Heildartekjur PBI árið 2015 voru að fjárhæð kr. 123.712 þúsund í stað 113.714 þúsund árið 2014. Um er að ræða 8,8% aukningu tekna milli ára en tekjur hafa verið að aukast jafnt og þétt á síðastliðnum árum. Rekstur PBI var 80% af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið, það skýrist af auknum tekjum en einnig spilar þar inni lægri launakostnaður.